

Reglugerð um veiðisvæði hörpudisks.

1. gr.

Veiðisvæði.

Reglugerð þessi tekur til hörpudisksveiða íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Veiðisvæði hörpudisks eru sjö. Aðeins skipum sem hafa aflamark í hörpudiski, á viðkomandi svæði, er heimilt að stunda hörpudisksveiðar á því svæði.

Veiðisvæði hörpudisks eru þessi:

1. Hvalfjörður.

2. Breiðafjörður (veiðisvæði í Breiðafirði eru sýnd á korti í fylgiskjali):

a. Breiðasund innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°03,60'N - 22°43,50'V

2. 65°07,10'N - 22°43,50'V

3. 65°07,10'N - 22°31,50'V

4. 65°03,60'N - 22°31,50'V

b. Hvammsfjörður innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°04,00'N - 22°21,00'V

2. 65°07,00'N - 22°21,00'V

3. 65°07,00'N - 22°12,00'V

4. 65°04,00'N - 22°12,00'V

3. Patreksfjarðarflói.

4. Arnarfjörður.

5. Ísafjarðardjúp.

6. Húnaflói.

7. Skagafjörður.

2. gr.

Stjórn veiðanna.

Fiskistofa annast eftirlit með veiðunum og skal tryggja að afli á hverju veiðisvæði eða hluta veiðisvæða sé ekki skaðlega mikill og veiðarnar í samræmi við varúðarsjónarmið. Veiðar teljast skaðlegar ef afli fer fram yfir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fyrir hvert veiðisvæði eða hluta veiðisvæðis.

3. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr.

461/2017, um veiðisvæði hörpudisks.

Fylgiskjal.

(sjá PDF-skjal)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.